

Rannsóknaklasi á Vestfjörðum

Styrkt af Vaxtarsamningi Vestfjarða

Anna Guðrún Edvardsdóttir

Mars 2011
NV nr. 7-11

Útdráttur

Verkefnið „Rannsóknarklasi á Vestfjörðum“ er samstarfsverkefni Náttúrustofu Vestfjarða og Rannsókn- og fræðaseturs Háskóla Íslands á Vestfjörðum og var unnið með styrk frá Vaxtarsamningi Vestfjarða.

Markmið þess er að stofna rannsóknarklasa á Vestfjörðum með aðild vestfirskra rannsókn- og stoðstofnana auk vestfirskra rannsóknaverkefna og hafa 21 aðili ákveðið að gerast aðilar að klasanum og taka þátt í því starfi sem þar mun fara fram.

Í maí er áætlað að halda vinnuþing (workshop) þar sem aðilar koma saman, kynna starfsemi sína, móta samstarfið og stofna rannsóknarklasann á formlegan hátt.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
Inngangur	4
Tilurð verkefnisins	4
Klasar	4
Tilgangur verkefnisins	5
Markmið, leiðir og rökstuðningur.....	5
Framvinda verkefnisins.....	7
Þátttakendur í klasasamstarfinu	8
Lokaorð	13
Þakkir.....	13
Heimildir	13

Inngangur

Í þessari skýrslu verður fjallað um tilurð, framvindu og niðurstöðu verkefnisins „Rannsóknarklassi á Vestfjörðum“. Um er að ræða samstarfsverkefni Náttúrustofu Vestfjarða og Rannsókn- og fræðaseturs Háskóla Íslands á Vestfjörðum. Verkefnastjóri er Anna Guðrún Edvardsdóttir. Verkefnið fékk styrk frá Vaxtarsamningi Vestfjarða að upphæð kr. 1.449.000 auk þess sem Náttúrustofan og Rannsóknarsetrið styrktu verkefnið að jafnhárrni upphæð, m.a. í formi vinnuframlags og aðstöðusköpunar.

Verkefnastjóri hefur unnið að verkefninu með hléum. Í upphafi var verkefninu sett markmið og leiðir sem unnið var eftir. Þá var og unnið að því að finna flöt á því hvernig utanumhaldi og ýmsum praktískum málum væri best fyrir komið svo starf klasans mætti vera sem skilvirkast og öflugast.

Tilurð verkefnisins

Verkefnið heitir „Rannsóknarklassi á Vestfjörðum“. Segja má að þetta verkefni sé framhald annars verkefnis sem unnið var af Önnu Guðrúnu Edvardsdóttur árið 2005 og bar yfirskriftina „Samspil náttúru og mannlífs að fornu og nýju“. Það verkefni var styrkt af sjóði Iðnaðarráðuneytisins, Átaki til atvinnusköpunar og Náttúrustofu Vestfjarða og unnið á Náttúrustofunni (Anna Guðrún Edvardsdóttir 2005). Tilgangur þess verkefnis var að efla háskóla- og rannsóknarstarfsemi, fjölga háskólamenntuðu fólki á Vestfjörðum og tengja saman og efla samstarf rannsóknaraðila og atvinnulíf. Síðan þá hefur margt áunnist í þeim efnun. Háskólastarfsemi hefur eflst og háskólamenntuðu fólki fjölgað. Rannsóknarstarfsemi hefur einnig aukist og fleiri rannsóknarstofnanir eru starfandi á svæðinu en áður.

Við stofnun Háskólaaseturs Vestfjarða árið 2005 var kominn grunnur að háskólastarfsemi þeirri sem verkefninu hafði verið ætlað að efla. Því litu forsvarsmenn verkefnisins á að markmiðun þess væri náð og engin ástæða til að halda því áfram. Á þeim fimm árum sem liðin eru síðan Háskólaasetrið var stofnað, hefur þróun þess orðið sú að það stendur nær eingöngu fyrir kennslu á háskólastigi í formi stað- og/eða fjarnáms við hina ýmsu háskóla í landinu.

Sá hluti sem snýr að tengingu og samstarfi rannsókna, atvinnulífs og annarrar háskólastarfsemi, s.s kennslu er ekki til með formlegum hætti. Þær rannsóknastofnanir sem starfa á svæðinu hafa ekki með sér formlegt samstarf og í raun eru tengsl þeirra innbyrðis og við Háskólaasetrið lítil. Því litum við, sem að fyrra verkefninu stóðu, svo á að þörf væri á vinna að stofnun samstarfsvettvangs eða tengslanet vestfirskra rannsóknastofnana.

Klasar

Undanfarin ár hefur skilvirkt klasasamstarf aukist meðal fyrirtækja og stofnana á Íslandi. Skilgreining á hugtakinu klasi (cluster) er „landfræðileg þyrping tengdra fyrirtækja, birgja, þjónustuaðila, fyrirtækja í tengdum atvinnugreinunum og stofnunum á sérhæfðum sviðum sem eiga í samkeppni en einnig í samvinnu“ (Karl Friðriksson og Sævar

Kristinsson, 2004). Ýmsar stofnanir og fyrirtæki hafa, í gegnum árin, átt í ýmis konar samstarfi en munur á slíku samstarfi og klasasamstarfi er sá að það síðarnefnda er formlegt og vel skilgreint og allir aðilar klasans eru meðvitaðir um og hafa samþykkt aðild sína að klasanum.

Klasi er hópur óháðra fyrirtækja og tengdra stofnana sem eru í samvinnu og samkeppni, starfandi landfræðilega einkum á einu eða fleiri svæðum, eru sérhæfð á einu sviði en tengjast með sameiginlegri tækni og/eða þekkingu og eru annað hvort tengd vísindum eða hefðbundinni atvinnustarfsemi. (Impra, Nýsköpunarmiðstöð). Rannsóknastofnanir á Vestfjörðum falla vel að þessari skilgreiningu um klasa. Hins vegar er það mikilvægt að klasinn hafi skýra framtíðarsýn, augljós markmið og skipulag og fastmótaðan samstarfsvettvang þeirra sem að honum standa.

Innan rannsóknarklasans væru allar rannsóknastofnanir og stoðstofnanir á Vestfjörðum. Með rannsóknastofnunum er átti við þau fyrirtæki og stofnanir sem stunda rannsóknir á hinum ýmsu sviðum, bæði fræðilegar og hagnýtar rannsóknir fyrir einstaklinga, fyrirtæki eða félagasamtök og opinbera aðila. Rannsóknastofnanirnar eiga það sameiginlegt að verið er að auka þekkingu á fræðasviðum þeirra. Þekkingin sem slík getur nýst til atvinnusköpunar eða sem ný þekking inn í fræðasamfélagið á Íslandi.

Tilgangur verkefnisins

Megintilgangur verkefnisins er að mynda klasa vestfirskra rannsóknarstofnana og stoðstofnana með það að markmiði að auka samstarf þeirra og auka möguleika þeirra til aukins fjármagns og aðgang að erlendu samstarfi.

En hvers vegna að ráðast í slíkt verkefni nú, er þörf á því? Aðstandendur verkefnisins telja að svo sé. Undanfarið fimm ár hefur rannsóknarstofnunum fjölgað á Vestfjörðum og nú er svo komið að starfsemi þeirra er að finna um allan fjórðunginn. Flestar rannsóknastofnanir starfa á sviði náttúru- og umhverfisvísinda en einnig eru stofnanir sem starfa á sviði hugvísinda. Þá er töluverður hópur háskólamenntaðs fólks sem vinnur sjálfstætt við ýmis rannsóknarverkefni á hinum ýmsu rannsóknarsviðum auk meistara- og doktorsnema. Vestfirðir hafa skipað sér sess sem áhugavert rannsóknarsvæði í hinum ýmsu fræðigreinum.

Markmið, leiðir og rökstuðningur

Með því að stofna klasa rannsóknastofnana á Vestfjörðum telja forsvarsmenn verkefnisins meiri líkur á að neðangreind markmið náist. Leiðirnar að markmiðunum þarf að varða og rökstyðja val þeirra. Markmiðin, leiðirnar og rökstuðningur eru eftirfarandi:

Stefnt skal að því:

- að efla samstarf rannsóknarstofnana á Vestfjörðum, ekki síst á sviði þverfaglegra rannsókna.

Leiðir

Til að ná þessu markmiði verður fjöldi og starfsemi rannsóknastofnana á Vestfjörðum kortlagður. Skoðað verður m.a. á hvaða sviði stofnanirnar starfa og hvers konar rannsóknir stofnanirnar stunda. Kannaður verður áhugi vestfirskra rannsóknastofnana á hvers konar samstarfi, sér í lagi samstarf á sviði þverfaglegra rannsókna. Verkefnastjóri mun ferðast um Vestfirði, kynna fyrir forsvarsmönnum verkefnið, hugmyndafræði klasasamstarfs og hverju það getur áorkað. Gerður verður kynningarbæklingur um allar rannsóknastofnanir sem starfa á svæðinu þar sem áherslan verður á klasasamstarfið og þá möguleika sem það býður upp á.

Rökstuðningur

Fjöldi rannsóknastofnana á Vestfjörðum hefur aukist undanfarin ár. Einnig hefur háskólamenntuðu fólki, sjálfstætt starfandi fræðimönnum og meistara- og doktorsnemum sem starfa við stofnanirnar með einum eða öðrum hætti fjölgað. Nú er hver að vinna í sínu horni að hinum ýmsu verkefnum. Formlegt samstarf gerir það hins vegar að verkum að rannsóknastofnanir koma fram sem ein heild, eru bæði stærri og sterkari og betur í stakk búnar til að sækja sér stór og þverfagleg verkefni og fjármagn til rannsókna. Einnig eru líkur á að fræðileg umræða meðal stofnananna aukist og fræðileg einangrun þeirra verði rofin.

Stefnt skal að því:

- að efla samstarf vestfirskra rannsóknarstofnana og atvinnulífs.

Leiðir

Til að ná þessu markmiði verður klassi vestfirskra rannsóknastofnana kynntur fyrir hinum ýmsu fyrirtækjum. Hver og ein rannsóknarstofnun innan klasans verður kynnt en áherslan verður á klasann sjálfann og þá möguleika til stærri verkefna sem hann býður upp á.

Rökstuðningur

Fyrirtæki, sérstaklega á svið sjávarútvegs, hafa í auknum mæli leitað til rannsóknastofnana með hinar ýmsu rannsóknir. Það virðist vera að augu fyrirtækja séu að opnast fyrir því að slíkt samstarf sé nauðsynlegt eigi þróun í atvinnugreinum að eiga sér stað. Hins vegar þekkja fyrirtæki ekki öll þær rannsóknarstofnanir sem eru starfandi á svæðinu og úr því þarf að bæta. Með því að kynna sig sem klasa, sýna rannsóknarstofnanirnar fram á styrkleika sína og getu til bæði stórra og smárra rannsóknaverkefna. Að auki geta rannsóknastofnanirnar kynnt þau verkefni sem þau hafa þegar unnið.

Stefnt skal að því:

- að efla rannsóknarsamstarf/klasasamstarf á landsvísu.

Leiðir

Til að ná þessu markmiði verður hinn vestfirski rannsóknarklassi kynntur á landsvísu. Það verður gert með því að senda kynningarbækling í allar rannsóknastofnanir og valin fyrirtæki í landinu öllu. Því verður svo fylgt eftir með samtölum við viðkomandi þar sem

möguleikar á formlegu/óformlegu samstarfi við vestfirsku rannsóknarklasann eru kannaðir.

Rökstuðningur

Hugmyndafræði klasasamstarfs gengur m.a. út á að stofnanir og fyrirtæki í samkeppni geta átt með sér samstarfsvettvang. Því er ekkert óeðlilegt að klasinn leiti eftir samstarfi út fyrir fjórðunginn. Það gerir hann sýnilegri og sýnir breidd rannsóknagetu á Vestfjörðum.

Stefnt skal að því:

- að leita eftir samstarfi við erlendar rannsóknarstofnanir og háskóla bæði hérlendis og erlendis.

Leiðir

Til að ná ofangreindu markmiði verður kynningarbæklingurinn sendur völdum rannsóknastofnunum og háskólum bæði innanlands og erlendis. Fylgt verður eftir með samtölum við viðkomandi stofnanir og skóla þar sem leitað verður eftir formlegu/óformlegu samstarfi við hinn vestfirsku rannsóknarklasa.

Rökstuðningur

Með því að falast eftir erlendu samstarfi við erlendar rannsóknastofnanir og/eða samstarfi við háskóla aukast líkur á að rannsóknastofnanirnar komist inn í rannsóknarverkefni sem oft eru mjög stór og vel fjármögnuð. Í slíku samstarfi er það styrkur að geta sýnt fram á mikla og fjölbreytta rannsóknargetu og það fæst með klasasamstarfi vestfirskra rannsóknastofnana.

Framvinda verkefnisins

Verkefnastjóri hóf vinnu við verkefnið á vordögum 2010 á því að kortleggja stöðu rannsóknastofnana á Vestfjörðum, þ.e. skoða hvaða stofnanir gætu hugsanlega verið aðilar að klasanum. Þá voru verkefninu sett markmið og leiðir varðaðar og þær rökstuddar. Einnig var hugmyndafræði klasa skoðuð og farið yfir ýmis gögn sem tengjast klasafræðum.

Hlé var gert á vinnu við verkefni á haustmisseri 2010 þar sem verkefnastjóri dvaldi erlendis við nám en þráðurinn tekinn upp aftur um miðjan janúar. Þá var haft samband við rannsóknastofnanirnar, hugmyndin um klasann kynnt og kannaður áhugi þeirra á þátttöku. Skemmst er frá því að segja að áhuginn er mikill og munu allar rannsókn- og stoðstofnanir á Vestfjörðum ætla að gerast aðilar að klasanum.

Verkefnastjóri leggur áherslu á að gerður verður samstarfssamningur um klasann sem aðilar skrifa undir og gengið verði frá því hvernig umsjón klasans verði og hver eða hvaða stofnun hafi umsjón með honum. Ekki er gert ráð fyrir fjárhagslegum skuldbindingum stofnananna vegna þessa. Til þess að ganga frá samstarfssamningi og öðrum praktískum hlutum er stefnt að því að halda vinnuþing (workshop) í maí 2011 þar

sem aðilar klasans hittast, kynna starfsemi sína og stofna rannsóknaklasa Vestfjarða formlega.

Pátttakendur í klasasamstarfinu

Eftirfarandi rannsóknar- og stoðstofnanir hafa samþykkt aðild að klasanum:

Náttúrustofa Vestfjarða. Stofan er með höfuðstöðvar í Bolungarvík en er með starfstöðvar á Hólmavík og Bíldudal. Hún er ein af sjö náttúrustofum á landsbyggðinni og er alhliða rannsóknar- og þjónustustofnun í náttúrufræðum. Stofan er rekin af sveitarfélögunum á Vestfjörðum með stuðningi ríkisins.

Rannsóknarsvið stofunnar eru náttúru- og umhverfisvísindi. Hún hefur sérhæft sig í rannsóknnum tengdum fiskeldi, fornleifarannsóknnum og umhverfismati. Þá eru fuglarannsóknir og rannsóknir á gróðri og gróðurkortagerð æ stærri hluti í starfsemi stofunnar. Náttúrustofan rekur rannsóknarstofu í Bolungarvík og fyrirhuguð er uppbygging rannsóknarstofu á Bíldudal sem mun meðal annars tengjast fiskeldi.

Rannsóknar- og fræðasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum. Setrið er með höfuðstöðvar í Bolungarvík en rekur starfsstöð í Vesturbyggð. Það er eitt af átta setrum sem Háskóli Íslands rekur á landsbyggðinni með stuðningi sveitarfélaga á landsbyggðinni. Þeim er ætlað að vera vettvangur samstarfsverkefna Háskóla Íslands við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga á landsbyggðinni og skapa aðstöðu til rannsókna á landsbyggðinni, auka möguleika almennings til menntunar og styrkja tengsl Háskóla Íslands við atvinnu- og þjóðlíf.

Rannsóknarsvið setursins á Vestfjörðum er einkum á sviði vistfræði, dýrafræði og ferðamála. Rannsóknarstofa er rekin í setrinu í Bolungarvík.

Minjavörður Vestfjarða. Fornleifavernd ríkisins er stjórnsýslustofnun sem heyrir undir menntamálaráðherra. Undir stofnunina heyra minjaverðir sem er sex talsins, einn í hverjum landshluta. Minjavörður Vestfjarða er með starfsstöð í Bolungarvík.

Hlutverk minjavarðanna er fyrst og fremst alhliða fornleifavarsla á sínu minjasvæði. Einn hluti af starfsemi þeirra er fornleifaskráning og uppgreftir fornminja, séu þeir taldir í hættu. Minjaverðir stuðla að fornleifarannsóknnum á sínu svæði, aðstoða og hafa eftirlit með því sem þurfa þykir.

Hafrannsóknarstofnunin. Stofnunin rekur fimm útibú víðs vegar um landið. Eitt þeirra er staðsett á Ísafirði. Útibúin eru hluti af heildarstarfsemi Hafrannsóknarstofnunarinnar og vinna náið með aðalstöðvunum í Reykjavík.

Þau verkefni sem útibúið á Ísafirði vinnur að eru m.a. endurskoðun gagnasöfnunarkerfa, rannsóknir á fæðu þorsks í afla fiskiskipa, kjörhæfni botn- og flotvarpa og kjörhæfni við línuveiðar. Sérsvið útibúsins er á sviði veiðarfærarannsókna.

Þá rekur stofnunin rannsóknarstofu á Ísafirði.

Matís ohf. Um er að ræða öflugt þekkingarfyrirtæki sem sinnir fjölbreyttu rannsóknáþjónustu- og nýsköpunarstarfi í matvælaíðnaði. Starfsemi Matís er á átta stöðum á landinu, þar á meðal á Ísafirði.

Megináherslan í starfsemi þar er þróun vinnsluferla í samstarfi við fyrirtæki á svæðinu, almenna tækniráðgjöf fyrir viðskiptavinum Matís í formi hönnunar og teiknivinnu. Áherslan er á fiskeldi, einkun þorskeldi í sjó og í tengslum við það fer fram rannsókn- og þróunarstarf í samstarfi við fyrirtæki og aðrar rannsóknastofnanir á svæðinu.

Fjölmenningarsetur. Þetta er stjórnsýslustofnun sem heyrir undir Velferðarráðuneytið. Hlutverk þess er að greiða fyrir samskiptum Íslendinga og erlendra ríkisborgara, vinna með sveitastjórnnum að eflingu þjónustu fyrir erlenda ríkisborgara, fyrirbyggja vandamál fólks frá margvíslegum menningarsvæðum og auðvelda aðlögun erlends fólks að íslensku þjóðfélagi. Stofnunin starfar á landsvísu en höfuðstöðvar hennar eru á Ísafirði.

Setrið hefur komið að og fjármagnað ýmsar rannsóknir um málefni innflytjenda.

Snjóflóðasetur Veðurstofu Íslands. Veðurstofan Íslands rekur tvær starfsstöðvar á landsbyggðinni og er önnur staðsett á Ísafirði. Hlutverk starfsstöðvarinnar þar er að fylgjast með og stunda rannsóknir á ofanflóðum. Rannsóknirnar eru unnar í samvinnu við höfuðstöðvar Veðurstofunnar í Reykjavík.

Strandagaldur. Um er að ræða menningar- og fræðslustofnun sem hefur aðsetur í Strandasýslu. Tilgangur starfseminnar er að standa að rannsóknum og draga saman vitneskju um galdraöldina á Íslandi, þjóðsagnir, hugmyndaheim og menningararf Strandasýslu sem tengist göldrum. Ennfremur að miðla þessari vitneskju með sýningarhaldi, uppákomum, fyrirlestrum, útgáfuverkefnum og samstarfi við skóla, fræðimenn og aðra þá sem sinna sömu málum hér og erlendis.

Starfsemi Strandagaldurs er þrens konar. Í fyrsta lagi stendur stofnunin fyrir Galdrasýningu á Ströndum um galdra og þjóðtrú. Í öðru lagi tekur Strandagaldur þátt í fornleifarannsókn á minjum erlendra hvalveiðimanna frá 17. öld í samstarfi við Náttúrustofu Vestfjarða og í þriðja lagi starfar Þjóðfræðistofan, sem hóf starfsemi árið 2008, undir stjórn Strandagaldurs en þar eru stundaðar rannsóknir á sviði þjóðfræða.

Þjóðfræðistofa. Stofan er rannsóknarstofnun og fræðasetur sem sinnir rannsóknum og miðlun á þjóðfræði og tengdum greinum jafnt innanlands sem utan. Þar er unnið að rannsóknar- og margmiðlunarverkefnum um íslenska þjóðfræði og margvíslegum samvinnuverkefnum á sviði fræða, menningar og lista.

Starfsstöð Þjóðfræðistofu er á Hólmavík.

Menningarráð Vestfjarða. Um er að ræða verkefni sem byggir annars vegar á menningarsamningi ríkisvaldsins og Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir hönd sveitarfélaganna og hins vegar samningi sveitarfélaga á Vestfjörðum.

Hluverk ráðsins er að samræma aðgerðir á sviði menningarmála, standa fyrir öflugum þróunarstarfi og úthluta fjármagni til menningarverkefna. Að auki er gert ráð fyrir því að menningarráðið stundi rannsóknir á sviði menningarmála á sínu starfssvæði.

Skrifstofa menningarráðsins er á Hólmavík, þar sem starfsmaður ráðsins, menningarfulltrúinn býr.

Melrakkasetur ehf. Þetta er fræðasetur sem helgað er íslenska refnum. Markmið setursins er að safna saman á einn stað allri þekkingu, efni og hlutum sem tengjast melrakkanum í fortíð og nútíð, að setja upp sýningu fyrir ferðamann þar sem fræðandi efni mun verða á boðstólum í máli og myndum um refi í náttúrunni, bæði hérlendis og erlendis, refarækt og refaveiðar.

Þá er eitt af markmiðunum að stuðla að og taka þátt í rannsóknum á líffræði tegundarinnar og þróun sjálfbærrar náttúrulífsferðamennsku.

Melrakkasetrið er staðsett í Súðavík.

Vestfirðir á miðöldum. Verkefni þetta er samstarfsverkefni Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands (Miðaldastofa), Senter for studier i vikingtid og norsk middelalder i Oslo, Fornleifastofnunar Íslands, Strandagaldurs, Nátturustofu Vestfjarða, Byggðasafns Vestfjarða, Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða, Minjasafns Egils Ólafssonar að Hnjóti, Snjáfjallaseturs, Safns Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri, Menntaskólans á Ísafirði og Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða.

Markmið verkefnisins er að efla sögu Vestfjarða, frá landnámi til 1800, skoða sérstaklega samfélagsþróun m.t.t. náttúrufars, menningariðju og erlendra samskipta, dýpka skilning á mikilvægi Vestfjarða í Íslandssögunni, undirbúa og framkvæmd fornleifarannsóknir á Vestfjörðum, m.a. í Vatnsfirði, skapa styrkari forsendur fyrir menningartengdri ferðaþjónustu.

Skjólaskógar. Um er að ræða landshlutaverkefni í skógrækt sem fær framlög til reksturs af fjárlögum.

Tilgangur og markmið verkefnisins er að skapa skógarauðlind á Íslandi, rækta fjölnytjaskóga og skjólbelti, treysta byggð og efla mannlíf.

Skjólaskógar vinna með bændum á Vestfjörðum að skógrækt og gera við þá samstarfssamninga til lengri tíma. Einn þáttur í starfsemi verkefnisins eru ýmis konar rannsóknir og úttektir á árangir verkefnisins.

Skrifstofa verkefnisins er á Þingeyri.

Vestfjarðaakademían. Akademían er félagsskapur fólks með framhaldsmenntun á háskólastigi sem áhuga hafa á að stunda vísindarannsóknir eða færðastörf á borð við ritstörf eða kennslu á Vestfjörðum.

Tilgangur félagsins er að vera aflvaki fræðilegra rannsókna og miðlunar þeirra auk kennslu á háskólastigi. Áhersla er á þverfaglegar rannsóknir á Vestfjörðum og samstarf innan lands sem erlendis.

Rannsóknarsvið félagsmanna spannar allt litróf fræðasamfélagsins og þar er að finna mikla þekkingu á mörgum fræðasviðum.

Háskólaasetur Vestfjarða. Háskólaasetrið er rekið sem sjálfseignarstofnun með fjárframlagi frá Menntamálaráðuneytinu. Setrið sinnir fyrst og fremst kennslu á háskólastigi. Það er fjarnámssetur fyrir háskólanemendur á Vestfjörðum í öllum háskólum landsins og býður auk þess upp á staðnám á meistarastigi í haf- og strandsvæðastjórnun í samstarfi við Háskólann á Akureyri og frumgreinanám við Háskólann í Reykjavík.

Háskólaasetrið stundar ekki rannsóknir en er í góðum tengslum við rannsóknastofnanir á Vestfjörðum og aðstoðar nema við að komast í samband við slíkar stofnanir á svæðinu. Höfuðstöðvar setursins eru á Ísafirði.

Nýsköpunarmiðstöð. Miðstöðin er ein af sjö miðstöðum sem rekin eru á landsbyggðinni og er hún staðsett á Ísafirði. Að auki rekur Nýsköpunarmiðstöð frumkvöðlaasetur einnig á Ísafirði.

Hlutverk Nýsköpunarmiðstöðvar er að hvetja til nýsköpunar og efla framgang nýrra hugmynda í íslensku atvinnulífi. Hún starfar eftir lögum um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun.

Kjarnastarfsemi miðstöðvarinnar skiptist í tvennt; annars vegar er um að ræða öfluga stuðningsþjónustu og þekkingarmiðlun fyrir frumkvöðla og sprotafyrirtæki og hins vegar hagnýtar rannsóknir og tækniráðgjöf á sviði bygginga og mannvirkja, líf- og efnistækni, efnagreininga og orku.

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða. Félagið er hlutafélag sem að stærstum hluta er í eigu Fjórðungssambands Vestfirðinga, Byggðastofnunar og At-kvenna en fjölmargir smærri aðilar úr atvinnulífinu eiga hlutafél í félaginu. Framlög til rekstrar koma m.a. frá Byggðastofnun og Fjórðungssambandi Vestfirðinga.

Tilgangur félagsins er að efla atvinnulíf á Vestfjörðum og styrkja forsendur byggðar með því að bæta jarðveg viðskipta til framtíðar.

Atvinnuþróunarfélagið sinnir ekki eiginlegum rannsóknum en hefur og getur verið þátttakandi í ýmsum nýsköpunar- og frumkvöðlaverkefnum sem byggja á rannsóknarniðurstöðum, sérstaklega í gegnum tengsl sín við Vaxtarsamning Vestfjarða en sá samningur styrkir ýmis rannsóknaverkefni á Vestfjörðum.

Starfsstöðvar Atvinnuþróunarfélagsins eru á Ísafirði, Hólmavík og á Patreksfirði.

Fjórðungssamband Vestfirðinga. Þetta er samtök sveitarfélaga á Vestfjörðum og er eitt af átta starfandi landshlutasamtökum, hvert á sínu landssvæði. Markmið þess er að vinna að hagsmunum sveitarfélaganna.

Að auki vinnur Fjórðungssambandið að ýmsum þróunar- og rannsóknarverkefnum í samstarfi við aðra, bæði innlenda og erlenda aðila.

Starfsstöð Fjórðungssambandsins er á Ísafirði.

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. Starfar á vegum Heilbrigðisnefndar Vestfjarða og sér um að framfylgja lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, ásamt þeim reglugerðum sem settar eru samkvæmt lögnum, samþykktum sveitarfélaga og ákvæðum í sérstökum lögum eða reglugerðum sem nefndinni er eða kann að vera falið að annast framkvæmd á. Því er ætlað að vinna að bættu heilbrigðiseftirliti á svæðinu, annast fræðslu fyrir almenning og efla samvinnu við önnur yfirvöld og aðila sem vinna að þessum málum.

Heilbrigðiseftirlit sinnir fyrst og fremst reglubundnu eftirliti við að framfylgja sértækum lögum og reglugerðum á sviði heilbrigðis-, matvæla- og umhverfismála. Það veitir starfsleyfi til fyrirtækja sem starfa á þessu sviði, sinnir kvörtunum og annast umhverfisvöktun. Aðaláhersla er lögð á fyrirbyggjandi starf, eftirlitsferðir, fræðslu og samráð við aðra eftirlitsaðila og fyrirtæki. Í megindráttum skiptist eftirlitið í fjóra flokka, þ.e. almennt heilbrigðiseftirlit, mengunareftirlit, eftirlit með smásölu eiturefna og matvælaeftirlit.

Búnaðarsamband Vesturlands. Búnaðarsamband Vestfjarða eru aðilar að Búnaðarsamandi Vesturlands og eru með starfsstöð á Ísafirði. Innan Búnaðarsambands Vesturlanda hafa þrjú búnaðarhéraðssambönd sameinast undir einum hatti, þ.e. Búnaðarsambandi Vesturlands.

Helstu verkefni búnaðarsambandanna er að veita faglega ráðgjöf um landbúnað. Starfsmenn sambandanna kallast ráðunautar. Búnaðarsamböndin standa fyrir eða stunda sjálf rannsóknir á sviði landbúnaðar.

Lewis Castle College, UHI Millenium Institute. Þessi skóli er staðsettur á Stornoway á Isle of Lewis í Skotlandi. Hann býður bæði upp á framhaldsskóla- og háskólamenntun bæði í stað- og fjarnámi. Aðalkennslugreinar skólans eru geilíska, verkfræði og dreifbýlisfræði (rural development). Að auki stunda þeir rannsóknir í ofangreindum fræðigreinum, s.s. rannsóknum á endurnýtanlegum orkugjöfum, t.d. vind- og sjávarorku. Skólinn eru hluti af University of Highlands and Islands en sá skóli samanstendur af þrettán aðilum sem eru staðsettir víðs vegar um hálöndin. UHI fékk nýverið leyfi, frá skoskum yfirvöldum, til þess að vera fullgildur háskóli og má því útskrifa nemendur með háskólagráðu.

Þar sem Lews Castle College er hluti af UHI opnast möguleikar fyrir rannsóknarklasann að tengjast fleiri háskóla- og rannsóknastofnunum innan hans en meðal samstarfsaðila UHI er skoska hafrannsóknarstofnunin.

Lokaorð

Í upphafi verkefnisins var lagt upp með þá hugmynd að stofna rannsóknarklasa á Vestfjörðum með þátttöku rannsókn- og stoðstofnana á svæðinu. Má segja að það hafi tekist. Áhugi stofnananna á að taka þátt í klasasamstarfi er mikill og þó svo að klasinn verði ekki formlega stofnaður fyrir en á vinnufundi í vor, líta aðstandendur verkefnisins svo á að markmið verkefnisins sé náð.

Það er rétt að þeir aðilar sem standa að klasanum fái tækifæri til þess að móta starfið, ákveði sjálfir hvernig samstarfinu verði háttað og gangi frá samstarfssamningi sem þeir sjálfir hafa mótað. Þannig aukast líkurnar á því að starfsemin verði öflug, skilvirk og skili þeim árangri sem lagt var upp með, þ.e. öflugra og skilvirkara rannsóknarstarf á Vestfjörðum sem verði bæði Vestfjörðum og fræðasamfélaginu á Íslandi til hagsbóta og auki við þá þekkingu sem fyrir er.

Þakkir

Náttúrustofa Vestfjarða, Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum og Vaxtarsamningur Vestfjarða fá þakkir fyrir veitta aðstoð við verkefnið.

Heimildir

Anna Edvardsdóttir. 2005. Samspil náttúru og mannlífs að fornu og nýju. Náttúrustofa Vestfjarða.

Karl Friðriksson og Sævar Kristinsson. 2004. Samstarf er dyggð – slagkraftur veitir forystu. Impra Nýsköpunarmiðstöð.